

## Persónuverndarstefna sýslumannsins á Austurlandi (Drög)

Sýslumaður leggur áherslu á persónuvernd við meðferð erinda sem honum berast til afgreiðslu og er markmið sýslumanns að tryggja lögmæta, sanngjarna og gagnsæja meðferð allra persónuupplýsinga.

Persónuupplýsinga er aðeins aflað í skýrt tilgreindum tilgangi og er vinnsla þeirra takmörkuð við það sem er nauðsynlegt við framkvæmd starfana. Allar upplýsingar sem embættið býr yfir skulu vera áreiðanlegar, uppfærðar eftir þörfum og varðveittar á öruggan hátt, bæði fyrir innri og ytri ógnunum. Lögð er áhersla á rétt einstaklinga til aðgangs að eigin gögnum og upplýsingum í vörslu sýslumanns.

Persónuverndarstefnan er sett til að tryggja að önnur stjórnvöld, þjónustugegar, starfsfólk og þjónustuaðilar séu upplýstir um þá áherslu sýslumanns, að unnið sé með ábyrgum hætti að vernd persónuupplýsinga í vörslum embættisins.

Við meðferð persónuupplýsinga fylgir sýslumaður meginreglum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og ber þar helst að nefna:

- að þær séu aðeins unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti,
- að þær séu aðeins fengnar í skýrt tilgreindum, lögmætum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi,
- að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem er nauðsynlegt,
- að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum,
- að þær séu varðveittar á öruggan og viðeigandi hátt, í samræmi við áskilnað laga,
- að þær séu unnar með þeim hætti að viðeigandi öryggis sé gætt,
- að gerðar séu viðeigandi verndarráðstafanir og upplýsingum ekki deilt með öðrum nema nema með upplýstu samþykki eða á grundvelli laga.

Sýslumaður, persónuverndarfulltrúi og starfsmenn embættisins framfylgja persónuverndarstefnunni og ber þeim að sjá til þess að henni sé framfylgt. Þá grípur sýslumaður jafnframt til nauðsynlegra ráðstafana svo framfylgja megi stefnunni, bæði við framkvæmd starfsins hjá starfsfólki og þjónustuaðilum.

Tilkynna skal frávik og veikleika vegna persónuverndar á netfangið [Austurland@sylumenn.is](mailto:Austurland@sylumenn.is) eða til næsta yfirmanns, sem kemur þá tilkynningunni á framfæri við persónuverndarfulltrúa þegar hann hefur verið skipaður.

Sýslumaðurinn á Austurlandi áskilur sér rétt til þess að breyta og uppfæra persónuverndarstefnu þessa hvenær sem er.

Ef óskað er eftir nánari upplýsingum um persónuverndarstefnu sýslumanns, má hafa samband með tölvupósti á netfangið [Austurland@syslumenn.is](mailto:Austurland@syslumenn.is)

(Persónuverndarstefna þessi er unnin upp úr persónuverndarstefnu Sýslumannsins á Norðurlandi eystra og er í stöðugri þróunn).

DRAFT